



Formannafundur AKÍS

11. nóvember 2017

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn í Fundarsal ÍSÍ laugardaginn 11. nóvember 2017 kl.10:00.

1. Fundur settur

Tryggvi M Þórðarson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður lagði til að Hannes J. Hafstein yrði fundarstjóri og Þrándur Arnþórsson fundarritari sem var samþykkt.

Hannes tók því næst við stjórn fundarins og spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun fundarins. Svo var ekki og lýsti hann því formannafundinn löglegan.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar:

Góðir fundarmenn

Á starfsárinu 2017 voru skráðar 59 keppnir og er þetta aukning um um það bil 20% frá árinu áður. Keppnistímabilið hérlendis hefur verið frá apríl til október eða í kringum 28 helgar sem þó er ekki hægt að nota allar. Fjölgi keppnum mikið er sýnt að keppnir þurfa þá að vera fleiri á hverri helgi, eða að færast yfir á aðra daga.

Á árinu voru gefin út kringum 750 keppnisskírteini, þar af tvö alþjóðleg. Það staðfestir svo sem það sem vitað er að íslenskir akstursíþróttamenn eru ekki að taka þátt í keppnum eða mótariðum erlendis þar sem slíkra skírteina er krafist.

Það á sér margar orsakir, ekki síst þá að akstursíþróttir eru dýrar, en ef til vill ættum við að skoða hvar einfaldast er að sækja í og gera tilraun til þess að keppa að alþjóðlegum titli. ... en meira um það síðar.

Sú vinna í tryggingarmálum sem hófst í framhaldi af ársþingi AKÍS 2015 hefur haldið áfram æ síðan. Í framhaldi af fundum með tryggingarfélagum og ráðuneytum urðu þau tímamót að Sjóvá bauð samsvarandi tryggingar fyrir bæði skráð og óskráð tækni.

Málinu er þó ekki lokið af hálfu AKÍS og vinna heldur áfram í þessum málaflokki. Hvaða leiðir eru okkur færar og hvert viljum við stefna í þessum málum er atriði sem verða tekin fyrir hér á eftir.

Í sumar bauðst AKÍS að senda inn athugasemdir við nýtt frumvarp til umferðarlaga sem til stóð að leggja fyrir næsta vorþing. Það var ýmislegt sem gerðar voru athugasemdir við, en [umsögnina má finna á vef AKÍS](#). Ég vil þakka þeim sem komu að málinu og án þess að draga neitt úr tilleggi annarra þá vil ég sérstaklega nefna Stefán Örn Steinþórsson í þessu sambandi. Ég á frekar von á því að þetta frumvarp til umferðarlaga verði ekki lagt fram á næsta þingi en það verði gert.

Í fyrsta sinn þá var lágmarks slysatrygging keppenda innifalin er keppnisskírteini voru keypt. Það er ávallt von manns að ekki þurfi að koma til þess að nýta sér trygginguna, en það er betra að hafa hana til vonar og vara.

Töluverð orka fór í umsögn vegna spyrnubrautar á Akureyri, en það mál er nú í góðum farvegi eftir að stjórnir BA og AKÍS komu sér saman um lausn þess.

Umferðarfrágæð vaknaði aftur til lífsins er nýr formaður var skipaður þar, en hann er Guðbergur Reynisson fyrrverandi formaður AKÍS. Stefnt er að því að það hittist fjórum sinnum á ári og kynna í hvert sinn ákveðin mál. Síðasti fundur fór í yfirferð á helstu breytingum sem áður nefnt frumvarp til umferðarlaga hefði í för með sér - til dæmis hlutlæg ábyrgð sekta (billinn borgar). Á næsta fundi mun fjallað um fyrirhugaða borgarlínu og staðla í vegagerð, en sá fundur verður í lok þessa mánaðar. Það er mín trú að Guðbergur eigi eftir að gera góða hluti í þessu hlutverki.

Eins og fram kom í fyrra þá fékk AKÍS styrk frá FIA til að ganga frá hönnun á brautum og akstursíþróttasvæðum sem er að finna hjá AÍH, BA og KK. Vinna er komin af stað, en alls ekki lokið. Búist er við að það muni taka fram á mitt næsta ár að ganga fyllilega frá öllu sem þessu kemur við.

Síðustu vikuna í október kom samþykki fyrir því að frá og með næsta ári verður ein umferð í heimsmeistarakeppninni í eRally haldin hérlendis. Þetta er nákvæmnis- og góðakstur rafmagnsbifreiða, ekki sparaksturskeppni. Samkvæmt skilgreiningu FIA þá telst bifreið rafmagnsbifreið ef það er aðeins rafmótor sem knýr hjólin. Því er til dæmis Chevrolet Volt / Opel Ampera rafbílur, en ekki Toyota Prius.

FIA er í samningaviðræðum við bifreiðaframleiðendur að möguleiki verði á "koma og keyra" þjónustu (arrive and drive). Þar sem um er að ræða óbreyttar bifreiðar, er hér komið kærkomið tækifæri fyrir íslenska keppendur að taka þátt í heimsmeistaramóti erlendis án þess að leggja út í mikinn kostnað við keppnisbifreið. Spurning hvort íslenskir keppendur eigi ekki að reyna sig í þessu móti, því það er jú góð leið til að kynna okkar umferð. Bergþór Theódórsson (Bessi) hefur tekið að sér að sjá um skipulagið og kynningu á þessu fyrir hönd AKÍS.

Í sömu viku var staðfest að í lok október 2020 verði að öllum líkindum haldin þriðja ráðstefna FIA Women in Motorsport hérlendis. Á þessa ráðstefnu má búast við kringum 600 þátttakendum víðs vegar að úr heiminum. Á svipuðum tíma verður haldin FIA North European Zone Regional Sport Conference, sem er eins og nafnið gefur til kynna fyrir þjóðir norður Evrópu. Það er þó þannig að þarna hafa sést aðilar frá Portúgal, Sviss og svo mætti lengi telja. Þá endar þessi fundarvika á nefndafundum FIA-NEZ og síðan ársfundar þess.

Mikil vinna er búin að fara í undirbúning þess að fá þetta hingað til lands og hefur AKÍS fengið góðan liðsstyrk þeirra í Meet-in-Reykjavík, sérstaklega þó frá Hönnu Margréti Hrafnkelsdóttur - sem við þökkum fyrir.

Á fyrstu mánuðum næsta árs eru fyrirhuguð áhugaverð námskeið þar sem ég held að AKÍS eigi að eiga fulltrúa. Öryggisnámskeið fyrir rally verður haldið á Írlandi um miðjan janúar, almennt dómnefndarnámskeið í febrúar, byrjunar námskeið fyrir starfsmenn í kappakstri (race) verður í Svíþjóð í mars og námskeið fyrir keppnisstjóra í kappakstri um líkt leyti í Sviss. Það er af mörgu að taka og ég held, eins og ég sagði fyrr, að við ættum að taka þátt í þessum námskeiðum eins og frekast er kostur. Ég held við verðum að ætlast til þess að þeir sem fari á svona námskeið miðli af reynslu sinni þegar heim er komið.

Námskeið á vegum FIA eru af þrennum toga, brons, silfur eða gull. Þannig er byrjað að taka brons, síðan á næsta námskeiði er farið yfir meira og þá fæst silfur. Að lokum eftir að reynslu hefur verið safnað og farið á staðfestingar námskeið þá kemur gull viðurkenning. Ákveðið hefur verið að FIA-NEZ verði kleift að bjóða uppá brons og silfur námskeið FIA, þannig að ekki þurfi að fara til Genfar í Sviss til þess. Vinna við að koma FIA-NEZ á þennan stað hefur staðið yfir í ein tvö ár og gaman að það skuli vera orðið að veruleika.

Á árinu kom RaceTrue bæklingur FIA, um lyfjamisnotkun í akstursíþróttum, til okkar á íslensku sem við munum dreifa á öllum keppnum á næsta ári. Þessi bæklingur liggur hér frammi og hvet ég formenn að taka með sér eintak eða eintök til síns heima.

Ekki hefur gengið sem skyldi að koma með þá útgáfu af Grand Turismo frá Sony / Polyfony sem FIA hefur verið að aðstoða þá með. Stólar frá PlaySeat með skjá og Playstation tölvu eru fánlegir og ég held það væri gaman ef eitthvað aðildarfélag AKÍS tæki sig til og stæði fyrir keppni í tölvuleikjakappakstri. Í dag þá er möguleiki fyrir þá sem keppa í tölvuheimum og standa sig vel að fá keppnisskírteini í raunheimum til að keppa í kappakstri. Reynslan segir að þeir sem fá þetta standi sig betur en menn áttu von á.

Samþykkt var á stjórnarfundum AKÍS um miðjan síðasta mánuð að skoða hvort útbúa eigi sérstakt umferðarfræðsluefni. Þar væri umferðarfræðsla fyrir 9. eða 10. bekk grunnskóla, sett fram út frá akstursíþróttum og ávallt getið þess munar sem er á venjulegum akstri og keppnisakstri. Æskilegt væri að prufukeyra þetta á yfirstandandi skólaári.

Það verður auðvitað að viðurkenna að þær aldurstakmarkanir sem við búum við í akstursípróttum og að það skuli þurfa reglugerðarbreytingu til að keppa í nýjum greinum ætluðum yngri kynslóðinni takmarkar möguleika okkar á unglíngastarfi.

Síðastliðið vor og sumar var unnin skýrsla um aldurstakmarkanir í akstursípróttum í nágrennlöndum okkar og hún send til Samgöngustofu. Byggt á henni lögðum við til að reglugerð um akstursípróttir yrði breytt þannig að AKÍS og MSÍ ákveði þessi aldursmörk, en þau mættu aldrei vera rýmri en það sem FIA eða FIM leggja til. [Skýrsluna er að finna hér](#).

Við höfum ekki verið að koma okkur mikið á framværi í gegnum allt það sem FIA er að gera í gegnum FIA Action for Road Safety. Vera má að nokkrir hafi séð auglýsingar á strætóskýlum þar sem merki FIB og AKÍS var á. Þetta kom í framhaldi af samningi milli JCDecaux og FIA.

Sjálfum finnst mér að við eigum að gera meira af því að taka þátt í þessu átaki, en gæta þess um leið að gera það í góðu samstarfi og samvinnu með FÍB.

Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að við við hjótum að fara að sjá fleiri rafmagnsbifreiðar í aksturskeppnum á Íslandi. Í mínum augum finnst mér að ýmsar spyrnugreinar, rally cross og torfæra, til að nefna eitthvað, séu greinar þar sem rafvæðing lægi tiltölulega vel við. Er þetta eitthvað sem AKÍS á að skoða með hinum ýmsu keppnisráðum?

Það eru mörg önnur mál sem ugglaut mætti minnst á, en ég læt þetta nægja að sinni. Það er þó mín skoðun að það séu spennandi tímar framundan.

3. Tryggingarmál

Tryggvi M. Þórðarson fór yfir tryggingarmál akstursípróttu.

Í sumar var í gangi samningur við danskt tryggingarfélag um slysa- og dánartryggingu keppanda.

Fundurinn samþykkti að fela stjórn að breyta samningunum við danska tryggingarfélagið þannig að keppendum væri gefið frjálst val um kaup á slíkri tryggingu.

Ljóst er að ný umferðalög sjást varla í vetur vegna óvæntra kosninga til Alþingis. Fundurinn fól stjórn AKÍS að halda áfram að vinna að betri tryggingum keppanda og keppnishaldara með það markmið að bæta vernd þriðja aðila, en um leið að lágmarka kostnað bæði fyrir keppnishaldara og keppendur.

4. Staðfesting Íslandsmeistara 2017

Eftirfarandi Íslandsmeistaratitlar voru staðfestir:

Grein	Nafn	Félag	Stig
Drift - Götubílaflokkur	Alexander Sigurðsson	AÍH	588
Drift - Minni götubílar	Jökull Atli Harðarson	AÍH	574
Go-Kart	Ragnar Skúlason	AÍH	80
Rally – Aðstoðarökumenn AB Varahlutaflokkurinn	Emilía Rut Hólmarsdóttir Olsen	AÍFS	87
Rally – Aðstoðarökumenn flokkur B	Hjalte Snær Kristjánsson	BÍKR	81
Rally – Aðstoðarökumenn heildin	Anton Lindal	AÍH	68.5
Rally – Ökumenn AB Varahlutaflokkurinn	Ragnar Bjarni Gröndal	AÍFS	87
Rally – Ökumenn flokkur B	Baldur Arnar Hlökkversson	BÍKR	81
Rally – Ökumenn heildin	Fylkir A. Jónsson	AÍH	68.5
Rallycross – 2000 flokkur	Eiríkur Kristjánsson	AÍFS	74
Rallycross – 4WD króna	Trausti Guðfinnsson	AÍH	77
Rallycross – Unglingaflokkur	Arnar Freyr Viðarsson	AÍH	60
Rallycross – Opinn flokkur	Ágúst Aðalbjörnsson	AÍFS	57
Kvartmíla OF	Harry Þór Hólmgeirsson	KK	377
Kvartmíla ST	Ingimar Baldvinsson	KK	377
Kvartmíla TS	Hilmar Jacobsen	KK	272

Götuspyrna 8 cyl. standard	Stefán Örn Steinþórsson	BA	272
Sandspyrna – Jeppar	Númi Aðalbjörnsson	TKS	210
Sandspyrna – Opinn flokkur	Kristján Hafliðason	KK	288
Tímaat – Opinn götubílar	Brynjar Smári Þorgeirsson	KK	68
Tímaat – Breyttir götubílar	Tómas H. Jóhannesson	KK	93
Tímaat – Götubílar	Símon Helgi Wíium	KK	75
Torfæra – Götubílar	Ragnar Skúlason	AÍH	90

5. Keppnisdagatal 2018

Dagsetningar ákveðnar að mestu leyti með fyrirvara:

Dags	Grein	Skýring	Félag	Staður
28.4.2018	Sandspyrna	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
29.4.2018	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
5.5.2018	Drift	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
6.5.2018	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
12.5.2018	GoKart	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
12.5.2018	Torfæra	Íslandsmót	Hekla	Hella
19.5.2018	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
19.5.2018	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
25.5.2018	Rally	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
26.5.2018	Rally	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
26.5.2018	GoKart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
26.5.2018	Götuspyrna	Afmælistmót	BA	Akureyri
2.6.2018	Torfæra	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
3.6.2018	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
9.6.2018	Drift	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
10.6.2018	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
14.6.2018	Drulluspyrna	Sýning	BA	Akureyri
14.6.2018	Buggy Enduro	Bikarmót	BA	Akureyri
15.6.2018	Auto-x	Bikarmót	BA	Akureyri
15.6.2018	Drift	Íslandsmót	BA	Akureyri
16.6.2018	Sandspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
16.6.2018	Götuspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
16.6.2018	Burn-out	Sýning	BA	Akureyri
17.6.2018	Bílasýning	Í Boganum	BA	Akureyri
21.6.2018	Auto-x	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
23.6.2018	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
23.6.2018	GoKart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
30.6.2018	Torfæra	Íslandsmót	START	Egilsstaðir
30.6.2018	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Suðvesturland
1.7.2018	Þolakstur	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
7.7.2018	Áttungsmíla	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
7.7.2018	GoKart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
8.7.2018	Sandspyrna	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður

14.7.2018	Götuspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
14.7.2018	AÍH dagurinn	Viðburður	AÍH	Hafnarfjörður
21.7.2018	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
21.7.2018	GoKart	Íslandsmót	BA	Akureyri
21.7.2018	Torfæra	Íslandsmót	TKS	Akranes
22.7.2018	Torfæra	Íslandsmót	TKS	Akranes
22.7.2018	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
22.7.2018	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
28.7.2018	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
28.7.2018	Rally	Íslandsmót	BS?	Skagafjörður?
28.7.2018	Drift	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
29.7.2018	Drift	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
2.8.2018	Auto-x	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
11.8.2018	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
11.8.2018	GoKart	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
18.8.2018	Torfæra	Íslandsmót	BA	Akureyri
19.8.2018	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
19.8.2018	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
23.8.2018	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Suðvesturland
24.8.2018	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Suðvesturland
25.8.2018	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Suðvesturland
25.8.2018	Götuspyrna	Míningarmót/Bikarmót	BA	Akureyri
25.8.2018	GoKart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
1.9.2018	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
2.9.2018	Þolakstur	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
2.9.2018	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
8.9.2018	Sandspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
15.9.2018	Sandspyrna	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
21.9.2018	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Suðvesturland
22.9.2018	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Suðvesturland
22.9.2018	eRally	Heimsmeistaramót	AKÍS	Suðvesturland
23.9.2018	eRally	Heimsmeistaramót	AKÍS	Suðvesturland
23.9.2018	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
29.9.2018	Rallycross Rednek	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
30.9.2018	Rallycross Rednek	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
10.11.2018	Formannafundur	Verðlaunaafhending	AKÍS	Reykjavík

6. Brautarverkefni FIA /AKÍS

Tryggvi M Þórðarson kynnti stöðu brautarverkefnisins sem unnið er með styrk frá FIA. Búið er að teikna upp svæði AÍH og senda FIA til fyrstu umsagnar. Unnið er að uppfærslu teikninga til samræmis við athugasemdir. Næst er röðin komin að svæði KK og svo BA.

7. Mótakerfi AKÍS

Þrándur Arnþórsson fór yfir notkun kerfisins í sumar. Aukagjald vegna tryggingar keppenda olli einhverjum vandræðum og sumum keppendum gekk illa að skrá sig til keppni.

Verið er að taka saman lista yfir þætti sem þarf að styrkja í kerfinu auk mögulegra viðbóta. Mikil áhersla er á að ný útgáfa verði tilbúin vel fyrir komandi keppnistímabil.

8. Akstursíþróttamenn ársins - karl og kona valin

Fundarmenn kusu akstursíþróttakonu og akstursíþróttamann og úrslit kosninga urðu:

Kona:	Emilía Rut Hólmarsdóttir Olsen	AÍFS
Karl:	Ragnar Skúlason	AÍH

9. Lög AKÍS

Tryggvi M Þórðarson sagði að breytingu þurfi að gera á skipan fyrra dómstigs AKÍS. Ársþing kjósi fimm aðila til setu á þessu dómstigi til tveggja ára.

10. Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram

Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram og kynntar. Reglur þurfa að vera tilbúnar fyrir 1. desember 2017.

11. Mál lögð fyrir formannafund 2017

FHR og gildistími búnaðar (m.ö.o. HANS)

Bent var á að búið er að fella niður gildistíma flestra hluta hjá FIA. Á meðan staðallinn er gildur sem hluturinn (til dæmis hjálmur, galli, skór, hanskar og svo framvegis) var framleiddur undir, þá má nota hann.

Greinarnar eru með misjafnar reglur um FHR búnað, þannig að yfirleitt eru kraftminnstu bifreiðarnar þannig að sleppa má við hann. Ekki var talin ástæða að breyta þessu fyrirkomlagi.

Búnaður ökumanna/tækja/brautar á æfingum

Almennt gilda sömu reglur um öryggisbúnað keppenda á æfingum eins og um keppni væri að ræða. Hjálmur, belti, veltibúr, galli, hanskar, skór og annað sem notað er í keppni þarf líka að nota í æfingum. Við æfingar er oft minni umgjörð, til dæmis færri slökkvitæki og stundum bara einn stjórnandi. Ábyrgðin hvílir samt ávallt á stjórnendum keppna að fylgja eftir að keppendur noti viðeigandi búnað.

13. Önnur mál

Brautarúttekt BA

Einar Gunnlaugsson kvartaði undan því að takmörkun í götuspyrnu var sett við 170m lengd keppnisbrautar.

Ingimundur Helgason benti á að formfesta er jákvæð. Ingólfur Arnarson sagði aðalatriði að treysta sérsambandinu til að vinna að íþróttinni og ekki persónugera það sem er gert.

Fram kom að stjórn AKÍS hafi borist framkvæmdaáætlun yfir úrbætur á spyrnubraut BA frá stjórn BA. Stjórn AKÍS hefur lýst ánægju með þessar tillögur og mun vinna að því með stjórn BA að þær verði að

veruleika og sér ekki annað en að gangi þessi framkvæmdaáætlun eftir verði felldar út takmarkanir sem voru 2017 og engar takmarkanir settar á keppnir í 1/8 götuspyrnu 2018.

Skýrsluskil til AKÍS

Ingimundur Helgason benti á að með mótakerfinu sem tekið hefði verið í notkun væri hægt nota kerfið meira til að safna þeim upplýsingum sem skila á sem skýrslum til AKÍS. Þá er eðlilegt næsta skref að fara yfir keppnisreglurnar og einfalda þær til samræmis.

Formannafundi slitið um kl. 14:30

Viðauki A: Mæting

AKÍS	Tryggvi M. Þórðarson Ragnar Róbertsson Jón Bjarni Jónsson Helga Katrín Stefánsdóttir (TKS) Einar Gunnlaugsson (BA) Baldvin Hansson Garðar Þór Garðarsson Þrándur Arnþórsson
Stimpill	Guðni Jónsson
AÍH	Arnar Már Pálmarsson
Hekla	Kári Rafn Þorbergsson Sigurður Haukur Einarsson (auka)
BA	Stefán Örn Steinþórsson (auka)
KK	Ingólfur Arnarson Ingimundur Helgason (auka)
AÍFS	Árni Gunnlaugsson Garðar Gunnarsson (auka)
BÍKR	Guðni Freyr Ómarsson Þórður Andri Mckinstry (auka)